Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

R11020100
Skjalasafn Ráðhúss
04. mars 2015
Bréfalykill: 6206

Reykjavíkurborg

Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

, 2. mars 2015
*1502052 HÁP*

Efni: Endurskoðun vatnsverndar, tillögur til lokaafgreiðslu

Stýrihópur um vatnsvernd samþykkti á fundi sínum þann 20. febrúar sl. að afgreiða endurskoðaða samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla og afmörkun vatnsverndarsvæða á höfuðborgarsvæðinu til sveitarstjórna til samþykktar.

Samþykkt stýrihóps er með fyrirvara um að gildistaka á breyttum svæðum í Mosfellsdal frestast í allt að þrjú ár eftir staðfestingu umhverfisráðherra sbr. kafla 7.2 í meðfylgjandi greinargerð.

Afgreiðsla sveitarfélaga er í samræmi við 25. gr. lag nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Vakin er sérstök athygli á því að heilbrigðisnefnd sveitarfélagsins verður að ~~að afgreiða erindið áður en það kemur til lokaafgreiðslu hjá sveitarfélaginu.~~

Öll gögn varðandi málið er að finna á gagnagátt SSH - http://ssh.is/gagnagatt í möppunni SSH Vatnsvernd. Gagnagáttin er með læstan aðgang því þarf að sækja gögnin þangað og láta þau fylgja erindinu í meðförum sveitarfélagsins.

Gögnin eru eftirfarandi:

1. Fundargerð stýrihóps um vatnsvernd frá 20. febrúar 2015
2. Tillaga að heilbrigðissamþykkt um vatnsvernd dags. 20. febrúar 2015
3. Tillaga að afmörkun verndarsvæða dags. 20. febrúar 2015
4. Greinargerð dags. 20. febrúar 2015

Virðingarfyllst,

Hrafnkell Á. Proppé

Hrafnkell Á. Proppé
svæðisskipulagsstjóri

Hamraborg 9, 200 Kópavogur, sími : 5641788, ssh@ssh.is, www.ssh.is